

Hrísey 4. desember 2008 kl. 17:00
Íbúaping og aðalfundur Hverfisráðs Hríseyjar

- Dagskrá
1. Ávarp bæjarstjóra
 2. Kosning í Hverfisráð
 3. Kynntar aðgerðir gegn skógarkerfil og öðrum óæskilegum gróðri
 4. Kynning á almannaheillanefnd
 5. Önnur mál

Kristinn Árnason setur fundinn og tilnefnir Jón Inga S. sem fundastjóra og Hjördís Ýrri S. sem fundaritari. Samþykkt af fundarmönnum. Jón Ingi tekur við fundinum og býður Sigrúnu Björk velkomna.

1. Ávarp bæjarstjóra. Fyrst talaði Sigrún Björk um atvinnumál í Hrísey og þar á eftir ástandið í þjóðfélaginu og hvernig Akureyrarbær er að spara án þess að skerða grunnþjónustu. Ræddi þau tækifæri sem hafa skapast og nefndi Vaxtasamning Eyjafjarðar og þá fjármuni sem þar liggja. Þá fjallaði hún um hugmyndir um sprotasetur. Óskaði hún þá einnig eftir því að Alþingismenn horfðu meira til landsbyggðarinnar í þeirri umræðu sem nú er í þjóðfélaginu. Að lokum þakkaði hún gott hjóð og vonaðist eftir góðum fundi.
2. Kosning í hverfisráð Hríseyjar. Í framboði eru Aðalsteinn Bergdal, Guðrún Þorbjarnardóttir, Hjördís Ýr Skúladóttir, Kristinn Fr. Árnason, Linda María Ásgeirsdóttir, Víðir Björnsson og Þorgeir Jónsson. Gengið til kosninga og kusu 19. Talningarmenn voru Ingibjörg Guðmundsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Klara Sigríður Sigurðardóttir.
3. Kynning á aðgerðum gegn skógarkerfil og öðrum óæskilegum gróðri. Jón Birgir Gunnlaugsson forstöðumaður umhverfismála hjá Akureyrarbæ fór yfir þau verkefni sem Akureyrarbær er að vinna að um þessar mundir. Endurheimta á Glerárdal og hreinsun rafmagnslína á útivistarsvæðum bæjarins og að lokum kerfillinn og lúpínan í Hrísey. Fór hann yfir þá möguleika sem í stöðunni eru í eyjunni, en allar rannsóknir benda til þess að eftir 20-30 ár verði enginn annar gróður eftir í eyjunni en skógarkerfill, lúpína og hvönn. Því á að reyna að stöðva útbreiðslu á þessum tegundum. Heitt vatn hefur verið notað en ekki borið árangur, gróðurinn sleginn, brenndur og borðið á hann eitur. Þar sem eitrið er dýrt verður hinum aðferðunum frekar beitt. Þá hafa einnig verið uppi hugmyndir um að beita dýrum á borð við kindur og hesta á gróðurinn. Fræjum verði svo safnað úr íslenskri flóru og sáð í sárin. Almenn umræða um málið og hugmyndir um búfenað sérstaklega ræddar. Allir sammála um að aðgerðum verði haldið áfram og Hríseyingar verði að fylgjast vel með og verði hafðir með í ákvarðanatöku um að beita landið á ný.
4. Kynning á almannaheillanefnd. Bæjarstjóri kynnti nefndina en hún var stofuð í kjölfar efnahagskreppunnar sem skall á í október. Nefndin setti af stað viðbúnað sem líkja mætti við almannavörnum fyrir sálina. Víðtæk nefnd sem á að fylgjast með ástandinu og bregðast við aðstæðum – koma með viðbrögð, tillögur. Bjargir sem Akureyrarbær bíður upp á var kortlögð og benti Sigrún Björk á að sú

- kortlagning væri afar dýrmæt fyrir Akureyrarbæ. Þá benti Sigrún Björk á að nefndin héldi úti ráðgjafatorgi sem væri hýst á heimasíðukureyrarbæjar
5. Önnur mál. Ýmis málefni Hríseyjar rædd og þá helst hin nýja íþróttamiðstöð. Bent var á þá möguleika að markaðssetja hana betur og meira. Einnig var rætt um bæjarstjóraskipti sem fyrirhuguð eru nú á vordögum. Almenn umræða um atvinnumál í Hrísey. Fjallað um stöðu Norðurskeljar. Byggðarkvóti ræddur og loforð Akureyrarbæjar um að Hrísey myndi ekki þurfa að taka á sig skerðingu á honum við sameiningu við Akureyrarbæ en nokkrir fundarmenn töldu þó að reyndin hefði verið önnur.
 6. Niðurstaða kosningar í Hverfisráð Hríseyjar:
 - Aðalmenn: Guðrún Þorbjarnardóttir
Hjördís Ýrr Skúladóttir
Kristinn Árnason
Linda María Ásgeirsdóttir
Víðir Björnsson
 - Varamenn: Aðalsteinn Bergdal
Ingimar Ragnarsson
Narfi Björgvinsson
Þróstur Jóhannsson

Fundarstjóri bað að lokum bæjarstjóra að slíta fundinn og þakkaði góðan fund.

Fundi slitið.

Hjördís Ýrr Skúladóttir, fundarritari